

# Ársfundur Vorstehdeildar

24.02.2026

Fundur haldin í húsnæði HRFÍ Melabraut Hafnafirði

Mættir: Friðrik Þór Hjartarson, Jón Valdimarsson, Hafrún Sigurðardóttir, Kjartan Antonsson, Arna Ólafsdóttir, Sverrir Tryggvason, Anna Jóna Halldórsdóttir, Friðrik G. Friðriksson, Hannes Blöndal, Sölvi Bernóðus Helgason, Pétur Alan Guðmundsson og Jón Garðar Þórarinsson.

## Dagskrá

### 1. Kosning fundarstjóra og ritara:

Friðrik Þór leggur til að Kjartan Antonsson taki að sér fundarstjórn og að Arna Ólafsdóttir taki að sér að rita, fundur samþykkir þær tillögur.

Lögmæti fundar kannað, engin andmæli um lögmæti fundarins.

### 2. Skýrsla stjórnar og ársreikningur:

Friðrik Þór fer yfir skýrslu ársins 2025. Jón Valdimarsson fer yfir ársreikning deildarinnar fyrir árið 2025. Engar athugasemdir eru gerðar við ársskýrslu og ársuppgjör, fundur samþykkir ársskýrslu.

### 3. Kosning til stjórnar:

Arnar Már Ellertsson sendi bréf fyrir fundinn til stjórnar um framboð til 1 árs, gat ekki verið sjálfur á fundinum. Friðrik Þór og Hafrún gefa kost á sér aftur til tveggja ára og Friðrik G. Friðriksson býður sig fram til 2ja ára. Fundur samþykkti með lófataki.

### 4. Heiðrun stigahæstu hunda

Friðrik Þór fer yfir hvaða hundar eru heiðraðir

UF: Garún von Haus Jevtic með 6 stig

OF: Arkenstone Með Allt á Hreinu og Ice Artemis Aríel bæði með 17 stig

KF: Heiðnabergs Milla með 6 stig

Overall: Arkenstone Með Allt á Hreinu og Ice Artemis Aríel bæði með 17 stig

Jón Garðar óskar eftir að þegar listar yfir stigahæstu hunda eru birtir að það sé sundurliðað fyrir hvað stigin fást.

Pétur Alan bendir á skjal sem liggur inni á heimasíðu deildarinnar sem hægt er að nota við útreikning stiga þar sem fram kemur hvaðan stigin fást. Pétur hvetur til þess að ný stjórn noti þetta skjal og fylli út skjalið jafn óðum yfir árið.

## 5. Önnur mál:

Pétur Alan minnst á að á seinasta ársfundi deildarinnar hafi verið rætt um að halda deildarfundum a.m.k. 2 x á ári og gagnrýnir að þetta hafi stjórn ekki framkvæmt. Hann gagnrýnir einnig vöndun á upplýsingaflæði á heimasíðu deildarinnar og að þar séu ekki birtir skráningarfrestir fyrir sýningar og úrslit úr prófum og öðrum viðburðum fyrir hunda deildarinnar.

Pétur gagnrýnir að ekki sé óskað eftir fólki til starfa fyrir deildina og minnst á að það hafi verið rætt á seinasta ársfundi að auglýsa eftir fólki til starfa fyrir deildina en engar auglýsingar komið um það sl. ár. Pétur óskar eftir fleiri viðburðum á vegum deildarinnar s.s. opnum húsum í Sólheimakoti og æfingagöngur með skipulögðum hætti.

Kjartan og Pétur óska eftir reglulegum deildarfundum.

Jón Garðar gagnrýnir vöndun á upplýsingaflæði frá deildinni og tekur fram að stjórnin sé ekki deildin. Vill að deildin upplýsi um t.d. breytingar á reglum og annað sem snerti deildarmeðlimi. Jón Garðar tekur fram að hann sé styrktaraðili deildarinnar með því að taka þátt í mörgum viðburðum deildarinnar.

Friðrik G. er ósammála Pétri og Jóni Garðari, segir deildina hafa staðið sig vel með nýliða göngur og kynningar.

Arna er ósammála gagnrýni Jóns Garðars og Péturs um vöndun á upplýsingaflæði. Arna minnst á að meðlimir Vorstehdeildar séu einnig félagsmenn HRFÍ og auðvelt að fylgjast með sýningadagatölum og skráningarfrestum á sýningar HRFÍ sem vel eru auglýst. Eðlilegt að deildin auglýsi vel þá viðburði sem deildin stendur fyrir t.d. deildarsýninguna og fresti um skráningu í hana eins og gert hafi verið. Pétur segir að það væri hvetjandi og góð áminning að deildin auglýsti alla viðburði sem Vorstehhundar hafa skráningarrétt í.

Jón Valdimars minnst á að mismunur sé á hvort fólk sé mikið inni í sýningum eða veiðiprófum og það sé mikil vinna að fylgjast með t.d. frestum á skráningu á sýningar í viðbót við skipulag á viðburðum deildarinnar eins og veiðipróf.

Kjartan A minnst á að í fyrra hafi verið lagt til á fundinum að stjórn myndi skoða hvort ætti að heiðra stigahæsta hundinn á sýningum, stjórn hafi ekki tekið þetta fyrir á árinu eins og hafi verið rætt um að gera á seinasta ársfundi. Kjartan sammála Pétri og Jóni Garðari að það þurfi að birta stjórnarfundum fyrir en bara rétt fyrir ársfund. Jón V. minnst á að engar reglur séu að finna um birtingar af fundargerðum stjórnar á vef deildarinnar og hann hafi því séð það fyrir sér fyrir ársfund.

Arna minnst á að hægt sé að auglýsa eftir aðstoð við að manna æfingagöngur eins og Pétur vill sjá reglulega á dagskrá.

Pétur óskar eftir að stjórnin taki málefnum úr sal ekki sem árás heldur leiðbeininga til stjórnar. Stjórnarmenn segjast ekki taka þessu sem árrás heldur umræðu sem er góð og gild.

Sverrir kemur því á framfæri að það sé mikilvægt að taka heimasíðuna í gegn, margt orðið úrelt þar. Vill að allt sem fer á heimasíðuna komi einnig á Facebook síðu deildarinnar og kannað sé hvort það geti gerst sjálfvirkt. Hafrún minnst á að síðan sé gömul og erfitt að uppfæra hana án þess að eyða peningum í það. Jón segir að kerfið sé mjög úrelt og það gæti verið þó nokkur vinna að koma því í nýtt kerfi.

Pétur spyr hvort stjórnin geri eitthvað í málum sem upp koma þegar ættbókafærðir hundar fara á óættbókafærða hunda. Friðrik Þór svarar að eigandi rakkans, sem var með íslenska ættbók, hafi ekki verið félagsmaður HRFÍ og tíkin ekki með ættbók. Kjartan vill meina að siðanefnd HRFÍ myndi taka þessi mál fyrir væri um félagsmenn HRFÍ að ræða.

Pétur spyr hvort stjórnin hafi kynnt sér Won Willebrand og Exfoliative Cutaneous Lupus Erythematosus og að deildin fari fram á að hundar sem eru fluttir inn séu genatestaðir fyrir þessum sjúkdómum. Pétur vill að deildin setji kröfur um að hundar sem koma langt að séu genatestaðir við innflutning eða að lágmarki fyrir pörun. Pétur óskar eftir að stjórn kynni sér þessi málefni og leggi drög að fyrirkomulagi til þess að koma í veg fyrir að slíkir erfðasjúkdómar læði sér inn í hinn Íslenska stofn. Friðrik G. Minnst á að stjórnin geti ekki sett ótakmarkaðar girðingar en geti skoðað hvaða vöktun fyrir þessum sjúkdómum sé í nágrannalöndum okkar og leitað leiða til að samsvara þeim kröfum.

Kjartan óskar eftir að einhver bjóði sig fram sem stigavörður deildarinnar, engin gefur sig fram. Pétur vill frekar að það verði auglýst eftir svona aðstoð af stjórn ekki á ársfundinum því það gæti verið fólk innan deildarinnar sem hefur áhuga á þessu sem ekki er á ársfundinum.

Pétur óskar eftir að ef á að breyta stigagjöf þá verði haldin deildarfundur til að kynna væntanlegar breytingar á stigagjöf.

Anna Jóna skorar á nýja stjórn að halda deildarfundum eftir vorpróf og eftir haustpróf. Jón Garðar tekur undir með Önnu Jónu og bendir á að gott sé að hafa þessa fundi strax eftir törn þegar öllum er ferskt í minni ef eitthvað kemur upp sem gott væri að ræða.

Sverrir óskar eftir að stjórn peppi mannskapinn í aðdraganda prófa, hittingar í sólheimakoti, æfingagöngur. Rætt að betra sé að gera þetta í samvinnu við hinar deildirnar s.s. samstarf við að hafa virkt félagsstarf s.s. Sólheimakotshittinga.

Friðrik Þór spyr hvort Sólheimakot verði áfram aðgengilegt félagsmönnum HRFÍ, Pétur minnst á að samningur sé gerður til eins árs í senn. Pétur segir að þetta sé vatnsverndarsvæði og útilokað að Mosfellsbær fari að byggja þarna. Pétur telur að Sólheimakot verði áfram til notkunar fyrir félagsmenn HRFÍ eitt ár í senn.

Arna vill bera undir fundinn hvort allir séu sammála því að fela stjórn það verkefni að óska eftir og þrýsta á stjórn HRFÍ að endurskoða þátttökubann innfluttra skottstífðra grúppu 7 hunda á sýningum HRFÍ. Arna bendir á að þetta sé mjög íþyngjandi fyrir okkur á Íslandi þar sem grúppu 7 hundar séu litlar tegundir og reglulega þurfi að flytja inn hunda til þess að hægt sé að halda markvissri ræktun áfram. Í mörgum löndum er það velferðar

sjónarmið að skottstífa hunda t.d. í löndum þar sem mikið er um gróður eða jafnvel lönd þar sem veiði og veiðipróf fara fram á svæðum með kaktusum eða öðrum oddhvössum plöntum. Arna bendir á að skv. Reglum FCI sé leyfilegt að taka þátt í sýningum með skottsífða hunda af þeim kynjum sem ástæða þykir til að skottstífa, sé stífangin framkvæmd í landi þar sem það er leyfilegt og bannað sé að mismuna þeim hundum í sýningardómi. Í þeim löndum sem heimila skottstífangar eru flest got undan fuglahundum skottstífa á fyrstu dögum ævinnar. Því sé verið að setja Íslenskum ræktendum afarkosti við innflutning nýrra ræktunardýra með því að annaðhvort takmarka innflutningslönd sem koma til greina og þar með að fækka valmöguleikum við val á efnilegu ræktunardýri eða að ræktendur flytji inn skottstífa hunda sem aldrei geti orðið meistarar þar sem þeir geti ekki taka þátt á sýningum en innflytjandinn/ræktandinn þarf að lifa í þeirri von um að afkvæmi sem fæðast hérlendis verði meistarar. Fundurinn er einróma samþykkuð því að innfluttir skottstífaðir grúppu 7 hundar fái að taka þátt í sýningum séu þeir innfluttir frá löndum sem leifa skottstífangu. Fundurinn óskar því eftir því að stjórn deildarinnar taki þessa umræðu við stjórn HRFÍ.

Friðrik G ræðir að mögulega komi upp vandamál með notkun bráðar í veiðiprófum á heiði og í sókn vegna fuglaflensu og að dýraverndunarsamtök hafi áhrif á að mögulega verði ekki leyfilegt í framtíðinni að nota fluga í sækipróf og heiðapróf. Skoða þurfi að innleiða notkun dummía í prófin. Friðrik G minnst á að þetta geti aukið þátttöku í veiðiprófi fyrir eigendur sem ekki skjóta fugla og eiga þá ekki til, til notkunar í prófum.

Jón Garðar gagnrýnir sóknarvottorðin og er óánægður með þau í heild sinni.

Jón Garðar minnst á að við séum með Norskar veiðiprófsreglur, spyr hvort að við getum hérlendis fært inn ákvæði um að leyfilegt sé að nota dummy ef það er ekki í Norskum reglum? Kjartan segir að það ætti að vera hægt alveg eins og við erum með sér ákvæði um fjölda hunda í KF. Það væri ferli sem hægt væri að klára með réttum leiðum.

Pétur Alan spyr hvort verið sé að vinna í því að lengja þátttökurétt hunda í keppnisflokki og bendir á að það eigi ekki við hérlendis að það séu kvaðir um að rétturinn detti út eftir 2 ár þar sem að við erum að kljást við að ná lágmarksfjölda hunda en ekki að kljást við of marga hunda eins og í Noregi. Jón Valdimars svarar Pétri að endurskoðunarnefnd veiðiprófareglna sé að vinna í að þýða nýjar reglur. Reynt verði að koma inn ákvæði til þess að lengja rétt til þátttöku í KF umfram 2 ár. Þetta er verk í vinnslu. Pétur leggur til að þegar þetta fer að skýrast væri flott að halda kynningarfund um þetta.

Umræða um lágmarks þátttöku í UF og OF: krafan var um tíma 4 hundar en er í dag þannig að 2 hundar duga til að halda megi flokkinn. Þetta eru Pétur og Jón Garðar ósáttir við, þeir vilja að fjöldi hunda ætti áfram að vera að lágmarki 4 hundar þar sem að hundar þurfa pásu á milli sleppa og vandamál geti komið upp ef makkerar passa ekki saman í td UF. Þá sé leiðinlegt að sá hundur sem stendur sig vel fái ekki annan makker til að hlaupa á móti sér. Friðrik G. bendir á að hérlendis komi fyrir að það náist ekki eða að tæpt standi að það náist þátttaka 2ja hunda, þá aðallega í unghundaflokki og því sé mögulega ekki jákvætt að hækka þátttökulágmark úr 2 hundum í 4.

Sverrir spyr, er ekki hægt að hleypa unghundi með opnum flokki. Svarið er nei það má ekki í norskum prófum en má í sænskum prófum.

Jón Garðar spyr hvort að endurskoðunarnefnd veiðiprófareglna sé að þýða bara breytingar sem gerðar hafa verið í norskum reglum eða hvort að nefndin breyti líka einhverju eftir sínu höfði. Jón Valdimars svarar að nefndin þýði allar norsku reglurnar en að einu frávikin sem til þessa hafa komið til skoðunar séu eitthvað sem snýr að keppnisflokki (fjöldi hunda, lengd á þátttökurétti) og þar verði skýringar undir og rök færð fyrir hvers vegna sé ósamræmi á milli regluverka.

Pétur spyr hvort endurskoðunarnefnd veiðiprófareglna geti tekið fyrir að fjölga þátttöku hunda í UF/OF í 4 hunda en ekki tvo eins og er í dag. Jón Vald svarar að hann ráði þessu ekki einn. Jón Vald minnst á að hann sjái fyrir sér að áður en reglurnar verði innleiddar verði þær aðgengilegar og tekið á móti ábendingum um textann áður en reglurnar verða teknar í notkun. Rætt að það sé flott að birta reglurnar fyrir öllum þeim sem nota þær og fá endurgjöf (Vorsteh, FHD og DESÍ) fyrir gildistöku reglnanna.

Kjartan slítur fundi